



**Orðskýringar, verkefni og eftirmáli með umfjöllun um
söguvið, persónur og tengsl við önnur ritverk
eftir Helga J. Halldórsson
úr skólaútgáfu Gerplu frá 1983**

Fyrsti kafli

Gerpla: hetjusaga. Orðið er myndað með i-hljóðvarpi af *garpur*: hetja. Orðið Gerpla er finnanlegt í orðabókum, sjá Guðmundi Ólavi Adagionum ... útg Gottfrid Kallstenius Lund, 1930.

svarabræður: fóstbræður

hófust upp: fæddust og ólust upp

telja: segja

innvirðulegar: greinilegar, skýrar

skilríkur: traustur, sannorður

ómáttulegur: þróttlítill

í þessum hálfum: í þessum landshlutum

æxlað fé úr öreigð: hafist úr fátækt til auðs

staðfesta: bújörð

í friðu: með lifandi húsdýrum

hjón: vinnufólk

gera skyndibrúllaup til: taka sér hjákonu til skamms tíma án undanfarandi festa og fjárgjalds til föður stúlkunnar

mundi keypta: fengið gegn fjárgjaldi, er hann greiddi föður brúðarinnar. Var hún þá lögleg eiginkona hans.

það hæfist mjög á: lætur mjög nærri

öndverðum: fyrstu

harað niður: dregið úr

staðfestulaus: heimilislaus

ágangspeningur: húsdýr, sem sækir í annarra manna landareign

gögl (et. gagl): gæsir

andæfa: mótmæla

bálkur: flokkur

jafnbrýna: bera jafnhátt, vera jafnoki, skylt brún

af orðspori: af afspurn

vargefin: illa gift

skillítill: ættsmár, fátækur

vændismaður: illmenni, myndað með i-hljóðvarpi af vándur (vondur)

bitlingur: lítill biti, aukatekjur

garðjálkur: áburðarhestur

æja: stansa

skella: hrossabrestur, áhald til að fæla með hesta

snópa: hríma

sé (af síga) *að klárnum*: klárinn blundaði

klubba: trékylfa

vallargarður: túngarður

Til athugunar:

Í fyrsta kafla eru nefndir þeir tveir garpar sem mest eiga eftir að koma við sögu. Takið eftir hvernig höfundur gerir grein fyrir heimildum sögu sinnar, skriflegum og munnlegum. Hvers konar lífsskilning innrætir Þórelfur syni sínum?

Annar kafli

vísindi: fræði

Völsungar og Ylfingar: ættmenn Helga Hundingsbana

Brynhildur svaf á fjallinu: Brynhildur Buðladóttir á Hindarfjalli, sbr. Snorra-Eddu 48. kap., Völsunga sögu í Fornaldarsögum Norðurlanda svo og kvæðin um Brynhildi í Sæmundar-Eddu.

svönum þeim ... á nesi settust: sbr. Völundarkviðu

spinna mönnum: kjósa mönnum örlög

endalykt heimsbyggðar og ragnarök: heimsendir, ævilok manna og goða

slátur: kjöt

orlofsmaður: boðsgestur

kynnisleit: heimsókn

tíðleikakona: ástmær

slægjur: veisla í lok heyanna

mannasollur: fjölmennur gleðskapur

skjaldmær: kona, er tekur þátt í orustu

trað helveg að kyssa Helga ólifðan: gekki í haug Helga að kyssa hann örendan, sbr.

Völsungakviðu

Freyja lagði yfir lær Loka: sbr. Lokasennu

serða (– sarð – surðum – sorðið): hafa samfarir

er níu nætur lifa vetrar: þegar níu nætur eru eftir af vetri

stefja á: yrkja til

áttu vígt um málið: höfðu rétt til að hefna með vígi án þess að verða sekir

dusilmenni: ómenni

skjala: mæla af alvöruleysi

firrst: fjarst

Til athugunar:

Hér er gerð grein fyrir uppruna og upplagi Þormóðar er síðar verður fóstbróðir Þorgeirs. Að hvaða leyti eru uppeldisáhrif þau, sem þeir verða fyrir, lík og þó ólík? Af hverju er svo mikið um tilvísanir í skáldskap í þessum kafla?

Þriðji kafli

hörðskur: af Hörðalandi

ógnstærir: sá sem eykur ógn: hermaður

málróf: mælgí

aðal: eðli, einkenni

ganga með húsum: flakka

byrjar konungum: sæmir konungum

hetja tekur lítt af: ræðir lítt um, gerir ekki mikið úr

frýja: ögrun

gera sér vísa fjándur af vélöndum: gera sér svikara að opinberum fjandmönnum, sbr.

Sonatorrek Egils Skallagrímssonar

það mælti móðir hans: sbr. vísu þá, er Egill Skallagrímsson er sagður hafa kveðið sjö ára

valskt sverð: sverð frá Vallandi, þ.e. Frakklandi

rauði: mýrajárn

lokar: hefill

lýja (lúði – lúíð) járn: hamra járn

þenja físi: blása lofti á eld í smiðju úr físiþelg

á mótum stekktíðar og túnasláttar: þegar fráfarum lýkur og túnasláttur hefst

stekktíð: meðan lömbin ganga með mæðrum sínum á daginn, en eru aðgreind frá þeim á nóttunni í stekknun. Síðan voru þau rekin á fjall, en ærnar mjólkaðar heima.

sjór fáinn: spegilsléttur sjór

dómolla: liðast hægt

mæra: lofa

fljúga með himinskautum: fljúga hátt

kjósa mönnum örlög: ákveða mönnum líf eða dauða

konur suðrænar: valkyrjur, eiginlega þær sem kjósa val, þ.e. ráða því hverjir falla í orustum

gautsgjöf: gjöf Óðins, þ.e. skáldskapur

baugabryótur: örlátur maður

Til athugunar:

Hér segir enn af uppeldi því er Þórelfur veitir syni sínum. Í hverju er það fólgíð? „Það mælti móðir hans ...“ Berið það sem hún sagði saman við vísu þá er Egill Skallagrímsson er sagður hafa ort sjö ára. Hverju munar?

Það mælti mín móðir,

að mér skyldi kaupa

fley og fagrar árar,

fara brott með víkingum,

standa upp í stafni,

stýra dýrum knerri,

halda svo til hafnar,
höggva mann og annan.

Nú hittast þeir Þorgeir og Þormóður í fyrsta sinn og ræða strax framtíðarhlutverk sín. Hver eru þau? Hugleiðið að hvaða leyti Þorgils Arason lítur öðrum augum á lífið og tilveruna en Þorgeir.

Fjórði kafli

Austmaður: Norðmaður

forverksmaður: vinnumaður

áframgengur: harðduglegur til vinnu og vinnuharður við aðra

ömbun: umbun: laun

dyngja: kvennaíbúð

snúður: fengur

prinsipissa: prinsessa

eldhærður: rauðhærður

skálgur í auga: rangeygður, tileygður

dorg: handfæri

samskulda: réttmætt

ess: hross

hvarfa: ganga hægt

vörpulegur: myndarlegur, karlmannlegur

sæfa (svæfa) *fiska*: veiða fiska

Kólumkilli: írskur dýrlingur

Til athugunar:

Hér segir af skiptum Íra og norrænna víkinga. Af hverju eru í þeim flokki einkum nefndar hetjur og skáld? Hugleiðið einkum þetta tvennt: „Þó var í öngum ránsfeng snúður jafnágætur sem í konum kvikum.“ „Hví grætur þú eigi þá er þú ert barður?“ Hugleiðið og aðstoð „góðkvenda í útlöndum, sem kallaðar eru prinsipissur.“ Sjá 87.–91. kafla *Grettis sögu* um Spes og Þorstein drómund.

Fimmti kafli

blett: þátíð af so. að blanda, sterk beyging (blanda – blett – blendum – blandið)

marðöll: Freyju heiti, hér stúlka

Vindur: íbúar í Vindlandi, nyrst í Þýskalandi

tyrta: öfluglynd stúlka

feima: feimin stúlka
harðar svefnfarir: erfiðir draumar
flautir: þeytt mjólk, undanrenna
trúlaus: ótrúr
legorð: samfarir
flugumaður: leigumorðingi
Kúrir: íbúar Kúrlands (við austanvert Eystrasalt)
Æ getur kvikur kú, haltur ríður hrossi, hjörð rekur handarvani: ljóðlínur úr Hávamálum, túlka hugsunarhátt bænda, en ekki víkinga
getur: fær
kvikur: lifandi
handarvani: handarlaus, einhendur
inni: hús
þrömur: gluggakarmur
kveldriða: norn, sem ríður gandreidd að næturlagi á lifandi manni eða priki
beyja skafli: fá grátviprur um munninn
fljúga með spuna, drýggja örlög: sinna valkyrju störfum
skrifa fornsögur á skjöld: Í fornöld tíðkaðist að mála á skildi myndir, sem túlkuðu atburði úr sögum eða kvæðum.

Til athugunar:

Hvers vegna vill Þórdís að Kolbakur drepi Austmanninn? Felst í þeirri beiðni skírskotun til íslenskra fornþekkinga? Af hverju biður Þórdís Kolbak að gera sér skotglugga?

Sjötti kafli

gems: háð
óeirinn: óþolinmóður
sitja: þola
Eg á þar lambseldi að reiða af höndum: Ég þarf að greiða þar lambsfóður, þ.e. hefna föður míns, sbr. orð þau, er Þorgestur Þórhallsson mælti, er hann vó Víga-Styr: Þar launaði eg þér lambið gráa. En Víga-Styr hafði Þorgesti til háðungar boðið honum lamb í föðurbætur.
bjának: blessun
hjónahald: starfsfólkshald
lokra: hefla
beini: greiði
jarðarmegin: máttur jarðar
morna (morkna?): visna
þeygi (þau-gi: þau eigi): eigi, ekki
lágu vötn: vötn voru ísi lögð

hlaða: drepa
beysta: slá, berja
er tórði af degi: þegar byrjaði að birta af degi
hvarf til sonar síns: kyssti son sinn
fjör: líf
lögfastur: sá sem á lögheimili á staðnum
auðnarhús: hús á eyðistað, sæluhús
þána: þiðna
sunnanveður létt: sunnanveður mild
klanda: vinna óhappaverk
fóli: fífl
flösur: flyksur, rifur, sbr. vísu Skallagríms: Liggja ýgs í eggju ...
lávarður Rómshallar: Kristur

Til athugunar:

Hugleiðið enn lífsskoðun Þorgils Arasonar og að hvaða leyti hún er andstæð hugmyndum Þorgeirs. Eru skoðanir þeirra einstaklingsbundnar eða túlka þeir skoðanir ákveðinna þjóðfélagshópa?

Sjöundi kafli

drápa tvítug: stefkvæði með tuttugu erindum (sbr. Höfuðlausn)
þjúgfættur: með bogna fætur
liðasollnir: bólgur um liðamót
kveisa: kýli, ígerð
litaráft: litarháttur
er guðum voru signaðir: sem goðum voru merktir, þ.e. skyldu fara til Valhallar
Jörmunrekur Gotakonungur, Helgi Hundingsbani og Sigurður Fáfnisbani: sjá Eddukvæðin
Hálfsrekkar: sjá Hálfs sögu og Hálfsrekka í Fornaldarsögum Norðurlanda
nornir í álftarhami: valkyrjur
ernir: hermannafylgjur
frýjuorð: ögrun
hefjast af sjálfum sér: verða mikilmenni af eigin rammleik
gagrast: brattast
öndverðast: fremst
fulltingi: aðstoð
selafar: selveiði
orðaglam: glamuryrði
stólkonungur: keisari (í Miklagarði)
skutilsveinn: borðsveinn, sem þjónar við konungsborð

Brimastóll: erkibiskupsstóllinn í Brimum í Þýskalandi
stuðill: stoð
týja (– týði): stoða, gagna
jartegn: sönnunargagn
kynjamaður: maður, sem er ekki eins og fólk er flest
tilhættingarfífl: ævintýramaður, glanni
sá grænstur: sá kostur vænstur
ermskir: frá Armeníu
villumenn: villutrúarmenn
Franseis: Frakki
Rúða: borg í Frakklandi (Rouen)
dándimaður: dánumaður, valmenni
páternoster: (lat.) Faðir vor
kappar Hvítakrists: lærisveinar Krists
kostgæfa: gera sér far um
Jón kappi baptista: Jóhannes skírari
Patrekur: postuli Íra og verndardýrlingur, d. 461
Kólumkilli (Colum-cille): írskur munkur (dýrlingur), d. 579
Kólumba farmaður: Kólumkilli
Sesselja (Cecilía), *Sunnefa*, *Bélinda*: heilagar meyjar írskar
kordunahosur: geitaskinssokkar, kenndir við borgina Cordoba á Spáni
ábúðarmikill: þykkleitur og þungbúinn á svip
þrumuvaldur: Þór olli þrumum, er hann ók um loftið í reið sinni
hreðjamikill: með stór eistu (Freyr var frjósemisgoð)
Óðinn hinn illi: samkvæmt skoðun hinna kristnu
bekri: hrútur
antefna: messusöngslag (lat.: antiphona, enska: anthem)
credo: trúarjátningin
stóla: háslindi
saltari: sálmur (Davíðs)
hyskinn: latur
Rúmverjar: Rómverjar
himnasjólí: himnakóngur
fetill: band um brjóst yfir og undir öxl
mundriði: handfang á skildi
Ellisif: Elísabet, móðir Jóhannesar skírara
kviðug: þunguð
liður: getnaðarlimur
að óbrugðnum lið: án þess að meyarhaft væri rofið
gálka: gagga, garga (um hænur)
hafa mann fyrir sér: hafa fellt mann, áður en félli sjálfur

vindböllur: vindbelgur

kesja: höggspjót

vorkynna: kenna í brjósti um

tauframaður: töframaður

Loki karl: Loki Laufeyjarson

Lúsifer (lat.): sá, sem ber ljós, annað heiti á Loka. Það mun stafa af skorti á málakunnáttu hjá Jörundi presti, þegar hann setur orðið í samband við lús.

ymni, flt. *ymnar* (lat. *hymnus*): lofsöngur

grey: hundur, (einkum) tík

geipan: mas, mælgí

herbergja með: hafa í herbergi með

örgumleiði: hugdeigur maður og leiðinlegur

hráskinn: hæli

Til athugunar:

Hugleiðið hvernig höfundur lýsir vaxtarlagi og útliti Íslendinga um þessar mundir. Er það í samræmi við þær útlitslýsingar sem eru almennastar í fornsögunum? Hvað ætli mannfræðingar segi um þessar lýsingar? Hugleiðið og hvernig frumkristni á Íslandi er þarna lýst. Ætli lýsingar þessar eigi sér stoð í orðfæri í skáldskap og sögum frá þessum tíma um drottin, Krist og dýrlinga svo og myndir af þeim í fornum handritum? Af hverju er Kristur kallaður himnasjólí?

Veitið og athygli hinu hófsama orðalagi sögunnar þegar vikið er að kynferðismálum: „taka á kné konu“, „viðkomustaður kvenna“, „lykja liðum“, „verða kviðug að óbrugðnum lið“.

Áttundi kafli

ganga á flet manna og borð: sníkja mat og gistingu

vígsök: dauðasök

kostar að henda: reynir að grípa

pústur: kinnhestur, högg

kæfur: andköf

slímusetur: sitja lengur sem gestur en sæmilegt þykir (3 daga), sbr. Egils sögu: „en það var engi siður að sitja lengur en þrjár nætur að kynni.“ (Ísl. fornrit II. bls. 272)

bak jólum: eftir jól

ganga fyrir kné: biðjast griða

litkuð betur: fegurri

innvirðulega: gaumgæfilega

felmtur: ótti

fullræði: ekki maður fyrir meiru

leymingur: leynd

byrgiskona: frilla

fara halloka: bíða ósigur. Þegar tveir uxar eru undir sama oki hallast okið á þann sem er ónýtari að draga. Hann fer halloka, þ.e. okið hallast á hann.

skirra vandræðum: koma í veg fyrir vandræði

leiðsagari: leiðsögumaður

snópa: doka við, híma

litur: hörundslitur, fegurð, sbr. Hávamál 93. v.

blautlegur: kveifarlegur og kvensamur

gengilbeina: göngukona

konur er glóa við himin í svanalíki: valkyrjur, fylgjur, hamingjur

nara: draga fram lífið

eftirlæti: þægð, auðsveipni, sbr. eftirlátur

firra: fjarlægja

svarfast um: flakka um

sumrungur: kaupamaður

kaupeyrir: verslunarvara

röggvarfeldur: skikkja úr röggvuðum vefnaði

ganga undir jarðarmen: sverjast í fóstbræðralag

jarðarmen: löng torfa, hafin upp í miðju með báða enda fasta í jörðu. Sjá um fóstbræðralag t.d. í Gísla sögu Súrssonar, 6. kap.

þeli: klaki

Til athugunar:

Um íþróttir að fornu. Sjá *Íþróttir fornmannanna á Norðurlöndum* eftir Björn Bjarnason.

Hvaða munur er á afstöðu Þorgeirs og Þormóðar til kvenna? Hvað á Þorgeir við þegar hann talar um „gengilbeinur dætur búandkalla“ og „þær konur er glóa við himin í svanalíki“ og Þormóður að hann „ann minnur en áður þeim konum er fljúga í lofti“?

Berið saman stofnun fóstbræðralagsins í Gerplu og Gísla sögu Súrssonar, 6. kafla.

Níundi kafli

tungl nýkveikt: nýtt tungl

fló: flaug

vitaðsgjafi: gullkista, orðið kemur fyrir í Vígaglúms sögu sem heiti á akri í Þverárlandi, sem aldrei brást, einnig heiti á firði við Hálogaland norðarlega í Noregi

skæni: þunnt skinn (líknarbelgur)

seymi: sinar, sem voru flegnar af stórgripum og notaðar til sauma

jarlmaður: jarl

dræplingur: lítil drápa, óvirðulegt heiti á kvæði

mansöngskvæði: ástarkvæði

ótímadagur: óhamingjudagur

hroði: ruddi, hrotti

þúta: skækja

endur: forðum

brúða: stólbrúða, lóðrétt stoð undir armi á stól

hvoftur: kjaftur

Til athugunar:

Að fornu þótti hæfa að skáld ortu lof um konunga, jarla og aðra höfðingja en ekki konur, allra síst ungar stúlkur. Slíkt varðaði við lög. Í Grágás segir: „Ef maður yrkir mansöng um konu, og varðar skóggang. Kona á sök ef hún er tvítug eða eldri. Ef hún vill eigi sækja láta, og á lögráðandi hennar sökina.“ Trúbadúrar (suðurfrönsk ástarskáld á 12. og 13. öld) ortu ástarljóð til giftra kvenna. Hvað segir þessi kafli okkur um ástina og ástarkvæði? Af hverju mislíkar Þormóði þegar hné Þórdísar bregst kunnuglega við átaki karlmanns? Hvað felst í þessum táknum: Kveldriður og konur er glóa við himin í svanalíki?

Tíundi kafli

dregst undan: frestast

virkarkona: hefðarkona

trafeskjur: öskjur til að geyma í lín (traf: höfuðdúkur)

búa (lifa) í trafeskjum: lifa við dekur, þurfa ekki að drepa hendi í kalt vatn

renna trogum: skilja rjóma frá undanrennu

á vit: til fundar við

mér verður títt til konunnar: konan er mér kær

tíður: kær

kúakyn úr eigu marbendla (sæbúa): sækýr (samkvæmt þjóðtrúnni)

veftur: fyrirvaf (efni í voð)

setgeiri: geiri í setinu, klofbót

setgeirabuxur: karlmansbuxur. Kvenbrækur voru opnar, en karlbrækur með setgeira, þ.e. klofbót.

væða: áfall, döggvott gras

beysta: berja

tögg: tuggði, sterk beyging (tyggja – tögg – tuggum – tuggið)

hráviði: nýfelld tré

ténaður: hjálp, aðstoð

Jósamak dúi: Josa macDe (sjá 21. kafla): Jesús sonur guðs (á írsku)

sifjaður: tengdur, mægður

öndugi: öndvegi, háseti

Kiljan skáld: höfundur bókarinnar eða hinn írski píslarvottur er hann var heitinn eftir við kaþólska skírnn
fagurskrifaður: fagurskreyttur

Til athugunar:

Hugleiðið muninn á klæðnaði karla og kvenna þessa tíma og það sem segir um setgeira, setgeirabuxur. Sjá Laxdælu, 35. kapítula: „Hvort er það satt, Þórður, að Auður, kona þín, er jafnan í brókum, og setgeiri í, en vafið spjörum (leggvefjum) mjög í skúa niður?“ ... Einn dag spurði Þórður Ingunnarson Guðrúnu, hvað konu varðaði, ef hún væri í brókum jafnan sem karlar. Guðrún svarar: „Slíkt víti (refsing) á konum að skapa (veita) fyrri það á sitt hóf (að sínu leyti) sem karlmanni, ef hann hefur höfuðsmátt (skyrtuhálmál) svo mikla, að sjái geirvörtur hans berar, brautgangssök (skilnaðarsök) hvorttveggja“.

Hver er hugmynd höfundar með garnhespum þeim er Þórdís lætur Kolbak og Þormóð flytja fyrir sig og þeir hafa innan klæða? Af hverju drepur Þormóður ekki þrælinn? Hugleiðið það sem Þormóður og Þórdís segja í næsta kafla. Þormóður: „ég kaus að eiga hálfan þrælinn kvikan á móti þér en þú ættir hann allan dauðan.“ Þórdís: „Hitt veit eg nú, að þú annt eigi mér fyrst þú þyrmdir honum“.

Ellefti kafli

stundarlítið: alllitið, sbr. stundarfast: allfast

tíðleikakona: ástmær

éljagagari: hriðarél

kola: gamall lampi

ofmaður: sá sem er öðrum fremri, sbr. ofjarl

kaupmáli: hjúskaparsáttmáli

elrishundur: stormur

elri hk., eða *elrir* kk.: tré

gól elrishunds: ýlfur stormsins

sýldur: klökugur

birtina: orðið hefur hér sterka beygingu

byrgismaður: friðill, elskhugi

rembumaður: vindbelgur, oflátungur

Til athugunar:

Hvað birta þrír síðustu kaflar um hefðbundið samband karls og konu þessa tíma? Hugleiðið þessar lykilsetningar: Bessi: „Er það góðra manna háttur að kvænast, en elska eigi konur.“

Þormóður: „mun eg ríða í þjóðhlið heim að Ögri. Þann dag mun eg ríða við góðu föruneyti.“

Þórdís: „Hvort muntu unna mér á þeim degi, Þormóður?“

„Engi munu hér hégómamál á þeim degi upp tekin,“ mælti hann.

Finnið fleiri dæmi í sögunni um slík lykilorð um samband karls og konu.
Af hverju er Þormóður ekki tilbúinn að kvænast Þórdísi?
Takið eftir hvernig andstæðurnar magna hér frásögnina.

Tólfti kafli

flesjar: lág sker eða klappir við ströndina, sem eru upp úr sjó um fjöru

þverskeytingur: sigling þvert fyrir vindi

til lés: til hlés: hléborðs megin

ysja: lausamjöll, nýfallinn snjór

hlaða segli: taka niður seglið

leggja í rétt: láta reka

forviðris: undan veðri, sbr. forstreymis og forbrekkis

snoðræna fékkst af tungli: sást grisja í tunglið

flóðarmikur: flóðarmækir: sverðlöguð ísrönd

fjósasystur: fjósakonur, stjörnurnar þrjár í belti Óríons

morgunmiðmundi: kl. 9 að morgni

örðugur: brattur

vaðall: fjara með væðu vatni

ráða skipi til hlunns: draga skip á land

lýsislegill: lýsiskútur

gneypur: slútandi

gýgur: tröllkona, sbr. Gýgjarsporshamar

minntist til hans innvirðulega: kyssti hann innilega

ló: laug, þt. af so. að ljúga

válegir þegnar: illir (hættulegir) menn

veðursjúkur: áhyggjufullur vegna veðurs

hregg: stormur (einkum ásamt regni eða hagli)

er einhver miðmundi var að: sem einhvers álits nutu eða máttu sín einhvers

ofureflismaður: heljarmenni

rekningur: utangarðsmaður (brottrekinn, útskúfaður úr mannlegu samfélagi)

dorgarskot: orðið virðist myndað líkt og *örskot* og *kólfskot*. Í Diplomatarium Norvegicium

segir svo: „ekki eiga Þórunnarvíkarmenn meira í þeirri fiski en tólf faðma dorgarskot af Vatnsendanum og annað ofan af Gryfju.“

óast: óttast

ögurstund: tíminn, sem eitt sjávarfall stendur yfir, sbr. Völundarkviðu 41:

„Sátum við Völundur
saman í hólmi
eina ögurstund.“

Þrettáandi kafli

ups: loðrétt klettabelti, slétt að ofan með hvassri brún

veisa: dý, lítill uppspretta

kviður norna: ákvörðun örlaganornanna, sbr. Hamðismál 30: „kveld lifir maður ekki / eftir kvið norna.“

friður kvenna: ást kvenna

sem segir í fornum spjöllum: þ.e. Hávamálum

nærkvæmastar: koma manni næst, eru blíðastar

hafði látið sigast: hafði látið fallast (sem dauður)

blóðsegi: blóðkökkur, blóðstykki

helguðu Óðni að fornum sið: mörkuðu Óðni með geirsoddi

eykur: hestur

forgamall: mjög gamall

mösulbeina: grindhoraður

dregið eik (skip) *á flot*, sbr. 1. erindi Höfuðlausnar

nærhöld: nærbuxur

mél: stund, tími

kringilfættur: hjólbeinóttur

þrumdi: sat kyrr og þegjandi

gneypur: álútur

á gamanþingum: á gleðifundum

roka: hár söngur, öskur

bella glaumi: gera að gamni sínu

friðill: elskhugi, sbr. frilla

ekkja: frummerking; kona, sem er ein, einkja

kösungur: ermalaus treyja

dægramunur: munur frá degi til dags

Fjórtaandi kafli

Hlórríði: Þór

rismál: kl. 6 að morgni

pataldur: bardagi

fiskeygur: úteygur

söluvoðarstakkur: vaðmálsstakkur

borna: snjáða, slitna

blæstur: bólur, blöðrur

snerkja: herpa saman

snerkjanda nefi: með því að herpa saman nefið og sjúga upp í það
mundangsfjarri: hæfilega eða tilhlýðilega fjarri
mundang: vísir á vog, meðalhóf
bölkur (bölk – belki – balkar): bekkur meðfram vegg til að sitja og sofa á (sennilega úr bjálkum eða torfi)
handkurra: krumla, þ.e. menn togast á og krækja saman öllum fingrum annarrar handar
hankartog: aflraun. Tveir menn taka hring úr tág eða reipi, setjast flötum beinum á gólfið, spyrnast í iljar og streitast við báðum höndum, uns annar missir eða hrekkur upp. (Sjá Björn Bjarnason: Íþróttir fornanna, bls. 231.)
er þetta staðfest á fornum bókum: þ.e. Fóstbræðra sögu
yfirvættis mikill: geysimikill
hrífa um sig: klóra sér með því að nudda fötunum við líkamann
þérna: hjá þér
stjarna var í miðmorgunstað: kl. 6 að morgni

Til athugar:

Fróðlegt væri að bera þrjá síðustu kafla saman við Don Kíkóta eftir spænska skáldið Cervantes og hugleiða hvort þar væru einhverjar hliðstæður, hvað líkt og hvað ólíkt. Ætli hægt sé að finna hliðstæður í nútíma hernaði við þau vopn sem Butraldi Brúsason beitir?

Fimmtándi kafli

hekla: ermalaus kápa, sbr. hökull
takir mig undir öngva aðra konu: takir enga aðra konu nær þér en mig, sbr. Gísla sögu Súrssonar, 9. kap. „ek tók engan mann undir Gísla“, sbr. og kristinrétt Borgarþings hins eldra, I, 17: „Ef kona tekur mann undir bónda sinn, hún er sek þrem mörkum við biskup.“
beðmál: rekkjuhjal, sbr. Hávamál 86 og 88: „brúðar beðmálum ... trúi engi maður“
blautlegt orðgeip: klúr orð um samneyti karls og konu
vangæftir: þegar ekki gefur á sjó
erfitt er til mín að þæfast: erfitt er að ná ást minni með valdi
Ögurflegða: flagðið (skassið) í Ögri
næstum: síðast
einörð: tryggð
tungl hvarma: augu, sbr. vísu Kormáks Ögmundssonar: „Brámáni skein brúna ...“
haddprýði: hárfegurð
haddur: kvenhár
þeygi (þau eygi): eigi
hærukelling: gráhærð kona
hunangsdíli: fæðingarblettur

stikki: kvæði með stuttum bragliðum, án stefs, ekki eins virðulegt og drápa

heita (hét): kalla

ársalur: rekkjutjald

kinga: kringlótt málmplata til skrauts

skör: skorið hár

frumung: í blóma æskunnar

formikil: mjög stór

brúnahaft: bilið milli augnabrúnanna

Sextándi kafli

knakkur: baklaus stóll

hórbarn: barn getið utan hjónabands

frör: frost

skilgóður: áreiðanlegur (sá, sem greiðir skilvíslega opinber gjöld)

þingmaður: fylgismaður og skjólstæðingur ákveðins goða

festar: trúlofun. Festar voru lögformlegur undanfari hjónabands. Þá var samið um fjármál hjónaefnanna að viðstöddum vottum.

festaröl: veisla í tilefni af stofnun festa

ffla: hafa líkamlegt samneyti við unga stúlku án þess að kvænast henni

fuðflogi: maður sem vill ekki kvænast festarmey sinni en flýr hana, sbr. *þingflogi*: sá sem svíkst um að koma til þings

þýbarn: barn ófrjálsrar konu

hornungur: óskilgetinn sonur (manns og frjálsrar konu, sem er ekki mundi keypt)

hrynur með mér: hangir mér við belti

heimtist fram að aldri: eldist

Til athugunar:

Hver munur er á þeim konum sem ást Þormóðar og skáldskapur hvarflar milli? Hvernig á það kvæði að vera sem Kolbrún vill að Þormóður yrki til sín og eigi verður snúið upp á aðra konu? Takið eftir hvaða nöfn og myndlíkingar koma fram þegar rætt er um þessar konur hér að framan og síðar í bókinni.

Hvað segir sextándi kafli okkur um þjóðfélagsstöðu og þjóðfélagsskilning Vermundar í Vatnsfirði?

Sautjándi kafli

verðgeta: veitingar

hvalþvest: magurt hvalkjöt

hróf: skipabyrgi, naust
sjá djarfa fyrir: sjá dauða skímu
slægur: fengur
takfæð: fátækt
ryðfrakka: ryðgað vopn
frakka: spjót, lensa
almennig: sameignarland
draga burst úr nefi: snúa á
burst: veiðihár
nef: framhluti höfuðs á rándýri, sbr. kattarnef; frummerking orðtaksins mun vera: svipta rándýr veiðihárum, sbr. að taka tennurnar úr einhverjum
strengleikar Franseisa: frönsk kvæði eða riddarasögur snúið í óbundið mál á íslensku á þeirri öld börðust Íslendingar grjóti: sbr. frásagnir af bardögum í Sturlungu, t.d. Flóabardaga
myrt í sængu (rekkju): sbr. Gísla sögu Súrssonar
öxarkjak: lítil öxi
flösóttur: skörðóttur og uppflagnaður, þar sem málmur er slæmur og hersla hefur misheppnast
Suðurríki: þýsk-rómverska keisaradæmið
hjúka: hjúkra
slumar í: minnkar rostinn
skálm: hnífur með löngu blaði
hvalþjós: hvalkjöt, skorið í lengjur eða stykki

Til athugunar:

Berið saman vopnabúnað þann sem hér er lýst svo og bardagaaðferðir við þær lýsingar sem algengastar eru í fornsögum okkar. Hverju munar? Hugleiðið og samband foringja og almennra liðsmanna.

Er mikill grundvöllur fyrir víkingaferðum um byggðir Vestfjarða?

Um þennan bardaga út af hvalskurði má lesa bæði í *Fóstbræðra sögu* og *Grettis sögu*.

Átjándi kafli

smádepla: smálúða
lótaska: tindabikkja
kæpa: kvensalur
utan þá liðu er eg hefi luktan þig: nema þá limi er ég hef vafið um þig, sbr. Hávamál 113–114
sólgíð (svelgja – svalg – sulgum): drukkíð
fles: klöpp eða lágt sker
turna: snúa

tímadagur: hamingjudagur

lausnarsteinn: fræ í hnetu sem rekið hefur á fjörur og átti samkvæmt þjóðtrúnni að létta konum fæðingu

gerist honum höfugt: sígur á hann svefndrungi

stál: standberg

Vísan: Völtu veltum vildar höndum (eftir vild) fjörvi (lífi) Þormóðs, fljóð (konur) skáldi tíð (kærar), tvö skáldi eitt: helft er okkur hvor (við eigum sinn helminginn hvor).

Til athugunar:

Í tröllasögum kasta skessur gjarnan eigin fjöreggi á milli sín. Þessar konur kasta milli sín fjöreggi Þormóðar. Þær eru örlaganornir hans. Önnur segist ætla að gefa honum búsæld og lífshamingju, hin „fátækt sem mest verður í útjaðri veraldar“. Hugleiðið við lestur framhalds sögunnar hvernig spádómar þeirra rætast. Hverjar eru þessar konur? Hvaða áhrif hefur á Þormóð að drekka blóð kæpunnar?

Nítjándi kafli

tírætt bjarg: hundrað faðma hátt bjarg

lauður: sápulöður

varrsími: kjölfar (máski er varrsími rák eftir skip á sjó, en kjölfar þegar skip er dregið eftir sandi). Hér er varrsími rák eftir fisk.

hnísustöðull: hnísutorfa, hnísuhópur

herjansdísir: dísir Óðins, þ.e. valkyrjur

stæra hróður: auka lof

á munvegum: á gleðivegum, í sæluríki

jódís: Hel

tæja (táði – táinn): greiða eða tæta í sundur

skor: klettaskora

Til athugunar:

Í Fóstbræðra sögu segir að þeir Þorgeir og Þormóður hafi slitið félagsskap eftir að Þorgeir mælti þessi orð: „Hvað ætlar þú hvor okkar myndi af öðrum bera ef við reyndum með okkur?“ Hvað veldur því að vinfengi þeirra minnkar í Gerplu?

Tuttugasti kafli

grípa gás (gæs) *meðan gefst*: nota tækifærið

skæddir lítt: illa skóaðir

handbani: banamaður með eigin hendi, sbr. ráðbani

óhelgimaður: rétttræpur maður
matarfurða: matarfurða (mikill)
steggur: rammur þefur
sviða: spjót (upprunal. sviðin kylfa)
örgáti: glaðning (hressing)
meðalfóli: meðalfífl
daufur: heyrnarlaus
forvaði: vað fyrir framan sjávarhamar, þar sem er fært um fjöru, en fellur uppað um flóð
útfiri: útfall, fjara
vífsrúnir: ástamál
víf: kona
knætti: viðtengingarháttur þátíðar af so. að *knega* (kná – knátti – knátt): kunna, geta (alltaf notað sem óeiginleg hjálparsögn)
valrúnar: rúnir um mannfall
rísta valrúnar: berjast
geirdrottins vinur Mímis: Óðinn
flæður: kvk. no. (flæði, flæði, flæðar): flóð
bákna: gefa merki (úr ensku: beacon)
alhugaður: í alvöru

Til athugunar:

Hér verða þáttaskil í sögunni er skilur með þeim fóstbræðrum. Hagkvæmt væri að lesa fyrri hluta Fóstbræðra sögu og bera saman við þennan hluta Gerplu, huga að því hvernig höfundur markar persónurnar skarpari dráttum. Þorgeir er gæddur einni eigind, hann er hinn einhæfi garpur. Þormóður er samsettari, í honum sameinast hetjan, skáldið og ástmaður kvenna.

Í Fóstbræðra sögu segir að Þorgeir taldi það svívirðing síns kräfts að hokra að konum.

Tuttugasti og fyrsti kafli

brætur úrgar: rigningarsúld
leiðarsteinn: segulsteinn, hin elsta gerð af kompás
væstur: hraktur (af vás: vos)
neiss: sneypur
leggjast til sunds: synda til lands
skernár: lík á skeri, sbr. gálgjár: maður sem deyr í gálga
umbergis: umhverfis
þrimill: hart þykkildi undir húðinni
holdrosi: innra borð affleginnar húðar
varnaðarkona: verndardýrlingur

nara: lifa, tóra
andstefja: svar (í messusöng)
saltari: sálmur
ljósta (laust – *lustum* – lostið): slá
skeiðarhróf: tótt til að geyma skip í
sáð: (ómalað eða grófmalað) korn
klíð: kornhýði
must: klaustur
suðu með sér: ráðguðust um, sbr. bræða með sér
snautlegur: sviplaus, kauðalegur
antefna (lat. antiphona): messusöngslag
kreppingur: hnefayflli
þursi: rætur sölvanna og annar úrgangur
illyrmi: skaðvænir ormar
taufur: töfragripur
sinjór: herra
Loklandssynir: Lochlann var heiti Íra á Skandinavíu, einkum Noregi
fangálk: yfirnáttúruleg vera (maður að ofan en dýr að neðan)
dungálk: fangálk
fangal: hið dimma
dungal: hið bjarta
buðkur: baukur
brjóta til svefnis: nauðga
málátta: holdsveiki

Til athugunar:

Þessi kafli einkennist af andstæðum öfgum. Hvers eðlis eru andstæðurnar og hverjar eru mestar öfgar?

Athugið kristni þapanna og hugmyndir þeirra um miskunnsemi guðs og náungakærleika. Hvert er höfuðinntakið í trú þeirra?

Tuttugasti og annar kafli

Þorkell hávi (há): frá honum segir í Heimskringlu.

Jómsvíkingar: voru kenndir við Jómsborg í Vindlandi. Frá þeim segir nokkuð í Heimskringlu og einnig er til af þeim sérstök saga, Jómsvíkinga saga.

verða fólkskyft: verða í mannaþraki

hleyþiför: ránsferð

landsofringi: flakkari, umrenningur

pataldur: bardagi

gísl: maður, sem er afhentur eða tekinn í gæslu til tryggingar því að samningar takist eða haldist

morð fjár: of fjár

Tamesisbakkar: bakkar árinna Thames

Vallíahérað: Wales

dála: vel

skíri: greifadæmi (enska: shire)

brunnur: uppspretta, sbr. viskubrunnur

öldurmaður: (enskur) höfðingi

gera kol allra húsa: brenna öll hús til grunna

höfuðmundur: lausnargjald

baugþak: ofanálag, sbr. söguna um oturgjöld í Snorra-Eddu

tefla einhvern upp: taka af honum allt sem hann á, uppteftur: sviptur öllum eignum

ármaður: ráðsmaður á konungsbúi, umboðsmaður konungs

hlaunamikill: mjaðmamikill

hlaun: mjöðm

fróva: frú

lesta: meiða, limlesta

sprakur (rómur): hljómlítil rödd, sem brestur öðru hverju

Sergio papae: Sergius páfa

sneyða: hafa af (skylt snauður)

verndarskaut: kelta eða faðmur þar sem manni er vernd, sbr. „skaut Abrahams“

gálgjár: maður, sem deyr í gálga

hraun (no. ft.): stórgripabein, hnútur

archiepiscopus: erkibiskup

venerabilem (þolf. af venerabilis, lo): heiðraður, blessaður

Til athugunar:

Um atburði þá er hér greinir má lesa í enskum annálum, t.d. The Saxon Chronicle og The Chronicle of Henry of Huntingdon. Lífláti Alfegus erkibiskups er í þeim ritum lýst mjög á sama veg og hér. Aðild Ólafs Haraldssonar er þar ekki nefnd en hana er að finna í Heimskringlu.

Tuttugasti og þriðji kafli

lýðskyldur: skattskyldur

Kinnlimasíða: vesturströnd Hollands

harðúðugur: harðsvíraður, grimmur

bagall: biskupsstafur

skrúfhár: stríðhærður, hrokkinhærður

biskupsmitur: biskupshúfa
stafkarl: beiningamaður, betlari
kviðugur: magamikill, digur, vanfær
hallir undir öngvan konung: þjónið engum konungi
búskapsþing: búshluttur, búshald
verða landvarnir mjög í skötulíki: fara landvarnir mjög í handaskolum
amboð: heimilistæki, húsgögn eða garðyrkju- og heyrinnuverkfæri
hamla: limlesta

Til athugunar:

Þó að hér sé sitthvað fært í stílinn mun hægt að finna heimildir þess í öðrum ritum að Englandskonungur hafi ýmist keypt af sér norræna víkinga með fjárgjöfum eða gert þá að landvarnarmönnum sínum. En getur verið að höfundur Gerplu sé með þessum frásögnum að einhverju leyti að benda á hliðstæður á síðari tímum? Einnig mun hægt að finna í öðrum ritum kveikjuna að hugsýki þeirri er öðru hverju grípur Aðalráð konung þó að hún sé mjög orðum aukin eins og fleira í Gerplu.

Tuttugasti og fjórði kafli

Rúðuborg: Rouen, höfuðborgin í Normandí
í blóra við: án vitundar, á bak við
hafði þar jafnan eik er af annarri skóf: hver var þar jafnan sjálfum sér næstur og hafði það sem honum tókst að draga frá öðrum
Hjartrósarborg: Chartres, borg í norðvestur Frakklandi
nauðmágur: mágur gegn vilja
góss: fjármunir, landareign
mundur: heimanfylgja, séreign konu
sléttfjallaður: með slétta húð, fjall, skinn, sbr. feldur og (bók-)fell
köngurvofuvefur: kóngulóarvefur
gilja: hafa samfarir við
Melkisedek: konungur í Salem og æðsti prestur
skammrif: stutt rif í sauðarsíðu, feitur biti
erkur: arkir, ft. af ör: stór kista
prímsigning (latínu *prima signatio*): frumskírn. Heiðnir menn létu oft prímsignast til þess að geta haft frjálst samneyti við kristna menn.
Frísland: nyrst í Hollandi
Sámland: við Eystrasalt þar sem nú er Austur-Prússland
ófriski: skyggni
heimulega: leynilega
Hliðskjálf: háseti Óðins

Niflheimur: hinn dimmi og kaldi heimur, heimkynni Heljar
fnykur: ódaunn, ólykt

Til athugunar:

Hvaða skilningur kemur hér fram á orsökum ófriðar í landi? Stafar hann af óeiningu almennra þegna eða yfirráðafýsn landstjórnarmanna? Hvaða hlutverk er Kristi fengið í þessum átökum? Takið eftir samstarfi veraldlegra og kirkjulegra höfðingja.

Tuttugasti og fimmti kafli

barði: víkingaskip með háum og hvössum stöfnum

síbyrða: leggja skipum borð við borð

karfi: fremur lítið skip einkum notað til skemmtiferðalaga

Hrólfsvniðjungur: afkomandi Göngu-Hrólfsv

mikill bógur fyrir landi: voldugur

hjarta drepur stall: (maðurinn) skelfist

hlutmeltingur: sá sem örlögin eru óhliðholl eða er svikinn við hlutkesti

Munvegir: gleðivegir, sæluvegir. Orðið kemur fyrir í Sonatorreki og mun notað hér til að undirstrika að víkingar blanda saman ásatrú og kriststrú

hleypta heimdraganum: halda brott úr föðugarði

vomur: reikan, hverflyndi

spúsa (tökuorð úr frönsku *espous(e)*): heitmey, eiginkona

turnan: trúskipti

vébönd: bönd kringum friðhelgan stað

laudes: lofsöngur, tíðasöngur

Te deum (laudamus): Við lofum þig, guð (lofsöngur)

etustallur: jata

akólútar: biskupsveinar, síðar heiti á þeim sem höfðu tekið æðstu af fjórum vígslum til prestþjónustu í kaþólskum sið

prósessía: skruðganga

veita guðsifjar: vera skírnavottur

grómtেকinn: mjög óhreinn

álfalykkja: flækja í hári

þófi: flóki

gáttir allar áður gangi fram, um skyggvast skyli: menn skulu líta vel í kringum sig, áður en þeir ganga fram, sbr. 1. v. Hávamála

krisma: heilagt smyrsl

njarðarvöttur: svampur [vöttur (vettlingur) Njarðar, en Njörður var sjávarguð]

pallalangur: kistill í skipi

flösóttur: skörðóttur

hundmargur (samstofna við hundrað): fjölmargur

bengrefill: sverðsoddur

ylgur: úlfynja

undasveiti: blóð

morgunskæra: afturelding, sbr. orðið aftanskæra (rökkur) í Austurfararvísu Sighvats

Þórðarsonar

klofastef var fléttað inn í vísur drápunnar, eitt og eitt vísuorð í einu

hildur (hildi, *hildj*, hildar): orusta

búlki: vöruhlaði í skipi

hraðberg: tannsteinn

kast: kápa

geip: mas

Þórður, sem hér er kallaður *Strútharaldssonaskáld*, er í Heimskringlu kallaður Sigvaldaskáld, af því að hann orti um Sigvalda jarl bróður Þorkels háva, en hann var einnig með Þorkatli.

Hann var faðir Sighvats Þórðarsonar, sem var öndvegisskáld þessa tíma.

fletgenginn: sem hefur selst arfsali, próventumaður

Til athugunar:

Noregskonungar voru ósparir á að halda tölu fyrir liði sínu á undan orustu. Ólafur digri Haraldsson er þar engin undantekning þó að ræður Sverris konungs séu frægastar. Hvers vegna hvetur Ólafur víkinga til að láta skírast?

Tuttugasti og sjötti kafli

Hóll á Frakklandi er nefndur í Heimskringlu

fyrir norðan fjall: norðan Alpa

saman fari kall og kýll (poki), sbr. Njálu 157. kap.: Jarl segir: „Það mun vera maklegast, að allt fari saman, karl og kýll.“

Máriupsaltari: maríubæn (Ave Maria), beðin af kaþólskum morgun, miðjan dag og kvöld

ítem (lat.): einnig

bólvirki: varnarvígi

dispútan (lat. disputatio): kappræða, rökræða

þrætubók (dialectica): deilulist, rökþróunarfræði

in carna (lat.): í holdi

in spiritu (lat.): í anda

in synodo: á kirkjuþingi

In nomine patris et filii et spiritus sancti: Í nafni föður og sonar og anda heilags

teiti: gleðskapur, veisla

ylgur: úlfynja

slæmur: niðurlagserindi drápu

Mörlandi: svo kölluðu Norðmenn Íslendinga í háði

lébarn: ungbarn

til árs: til góðæris

argur: kynvilltur

Af jörðu þá eg mátt minn ... (so. þiggja beygist sterkt: þiggja – þá – þágum – þegið)

kerskni: stríðni, spaug

Til athugunar:

Athugið röksemdafærsluna í úrskurði Rúðubiskups að brenna skuli kirkjuna.

Tuttugasti og sjöundi kafli

Roðbert Höfuð: Róbert II. konungur í Frakklandi 996–1031, sonur Hugo Capets, en capet þýðir höfuð

valslöngva: áhald til þess að kasta með banvænum skeytum

girskur: grískur

girskur eldur: fljótandi eldfimt efni notað við umsátur borga og í sjóorustum

stallari: einn af tignustu hirðmönnum konungs; hlutverk stallara var einkum að flytja konungserindi á þingum

forljótur: mjög ljótur

mjólki: brjóstmylkingur, ræfill

þing: hlutur

hneykja: beygja, kúga, hnekkja

Robertus Capetus: heiti Roðberts Höfuðs snúið á latínu

hlaða: fella

kálkristur: jurt sem eru eignaðir guðlegir eiginleikar

unjan (lat. unio): laukur. Í þessu felst tilvísun til þess friðsældarlífs sem túlkað er með orðunum: „Þá gala gaukar, þá spretta laukar, þá fer hrútur úr reyfi sínu, þá þegir ungur sveinn sem í vöggum liggur.“

Carolus simplici: Karl einfaldi konungur í Frakklandi 898–929. Hann veitti Göngu-Hrólfri Normandí að léni, gifti honum dóttur sína og setti það skilyrði að hann tæki kristna trú.

skrift: syndajátning, álögð refsing og fyrirgefning

Til athugunar:

Hugleiðið það sem hér segir um hæfilegt hlutfall milli fallinna hermanna og óvopnfærra manna að fornu og nýju. Að hvaða leyti vill Þorgeir Hávarsson ekki aðhyllast það sem talin eru almenn sjónarmið víkinga? Hvað í fari þegnanna veldur landstjórnarmönnum mestum örðugleikum? Hvað einkennir einkum lífið í Normandí eins og því er lýst hér?

Hugleiðið þá samvinnu sem víkingar vilja hafa við menn kirkjunnar og þann styrk sem þeir telja sig hafa af þeirri samvinnu.

Tuttugasti og áttundi kafli

þvara: spýta til að hræra með

klektunarmaður: maður sem lætur hafa sig að leiksoppi

skyndikona: gleðikona

Mjöldnir: hamar Þórs

klubba: trékylfa

ólean: heilög og jafnframt hinsta smurning

páternostri: faðirvori

miserere: Miserere mei Deus (miskunna mér guð): Davíðssálmur (hafður við aftökur)

kurél: kyrjáll: sálmalag

klumba: kylfa

gaur: stöng, stólpi

completorium: síðasti tíðasöngur dagsins (kl. 21)

slá hælum við þjó (læri, mjöðm, lend) *sér*: taka til fótanna, flýja

sýst: sýslað, unnið

spretta fingrum að: gera smell með fingrunum í óvirðingarskyni, sbr. að fetta finger og senda langt nef

Til athugunar:

Er hægt að finna í nútímahernaði nokkra hliðstæðu þess er hér segir frá? Af hverju flýr Þorgeir ekki eins og aðrir víkingar?

Tuttugasti og níundi kafli

sollinn: bólginn

baðmur: tré

sýr (sú, sú, sýr): gylta

blautur: mjúkur, linur (á dönsku blød), sbr. frá blautu barnsbeini

rót: bilið milli sperranna

krof: kjötskrokkur

tæja eigi tanna: bragða eigi mat

karlsift ættar: karlmenn ættar

snúður og snæða: kvenfólk

león: ljón

kroka: týra

haldur: ljósastjaki, sbr. ljós á haldi

því first sem sönnu er næst: fjarst hinu sanna

krepplingur: hnefaylli
laðrúnn: ræningi, ribbaldi
námágur: nákominn tengdamaður (mágur), hér mágur hins drepna
manþing: ástarfundur
bos: ból, rúm, hreiður, híbýli

Til athugunar:

Hvað einkennir lýsinguna á bæ þeim í Normandí þar sem Þorgeiri er hjúkrað sjúkum? Hvaða skírskotun felst í orðinu kálkristur? Hver er lífsskilningur Rúðukerlingar?

Nú er búið að bjarga lífi Þorgeirs þrisvar. Berið þessi þrjú atvik saman. Hvað er eftir af lífshugsjón hans þegar hann hverfur hér úr sögunni?

Þrítugasti kafli

skytningur: veitingahús
rembast: vera drambsamur, sbr. rembingur
motur: höfuðfaldur
kirmessa: kirkjumessa, markaðshátíð
slímusetur: sitja lengur en sæmilegt þykir, sjá í skýringum við 8. kafla
kópa: teygja fram álkuna, horfa forvitnislega
útbait: vetrararbeit, vetrarhagi
vererabilis: heiðraður, blessaður
múklæta: auðmýkja
taufrar: töfrar
seldjúkur: tyrkneskur ættflokkur
ermskir: frá Ameníu
Maumet: Mahúmeð
gregórska kristni: armensk kristni kennd við Gregorius Illuminatur (d. 325) sem gerði kristna trú að ríkistrú í Armeníu
bergja: drekka
valamálmur: valskur málmur: franskt gull
capitulum: stjórnarnefnd munkasamfélaga, klausturstjórn
hleytismaður postula: sá sem hefur successio apostolica (er í óslitinni vígsluröð frá Pétri postula)
ljóðbiskup: lýðbiskup: undirbiskup (erkibiskup)

Til athugunar:

Það sem segir hér um afstöðu ráðamanna kirkjunnar til farandbiskupa ermskra er samkvæmt heimildum.

Hugleiðið með hverjum hætti Grímkell er kominn í lið Þorkels. Hver er staða hans? Athugið aðdróttanir um kynvillu víkinga. Hvernig litu menn að fornu á slíkar aðdróttanir?

Þrítugasti og fyrsti kafli

unni svo sollnum sefa: unni svo ákaflega

svella (svall – sullum – sollið): ólga, þrútna

sefi: hugur

fúki: ódaunn

hrýfi: útbrot á húð

andstef (antefna): messusöngslag

genuflectens (lat.): knékrjúpandi

postratus (lat.): liggjandi

skolla: dingla, hanga

kinga: kringlótt málmpata sem konur báru á brjósti sér til skrauts

soðgreifi (soðfantur): matsveinn

skör: skorið hár

höttur (hött – hetti – hattar): hattur

slota: slúta, hanga niður

ossum: vorum

þipra: skjálfa

Til athugunar:

Um þá atburði er greinir frá í þessum köflum um víkinga og viðureign danskra og norskra konunga við Englandskonung má lesa í Heimskringlu, Helgisögunni um Ólaf, Ágripi og fleiri ritum. Hér eru atburðir raktir nokkuð á annan veg. Álit fræðimanna er reyndar að ekki sé alstaðar farið rétt með heimildir. Sjá formála II. bindis Heimskringlu, Fornritaútg.

Þrítugasti og annar kafli

stútur: lítill bátur

smalt (ensku small) *hundrað*: lítið hundrað: 100, sbr. stórt hundrað: 120

indelebili (lat. indelebilis): óförgengilegur

Þrítugasti og þriðji kafli

skarpt land og slitrótt: harðbýlt (magurt) land og strjálbýlt

lendur maður: maður sem hefur þegið land að léni af konungi

reyfari: ræningi

búsifjar: frummerking nábyli (gott eða illt)

áþjánarmaður: kúgari

fara að veislum: láta bændur veita sér og fylgdarliði sínu mat og húsnæði ákveðinn tíma

sýslumaður: mikill starfsmaður

eiga hönk í baki: eiga inni hjá

lýðska: venja manna

spenna: ná undir sig

reður: skökull

ógransprottinn: skegglaus (vegna æsku)

girskur eldur: fljótandi eldfimt efni notað við umsátur borga og í sjóorustum

Til athugunar:

Þar sem segir í kafla þessum: „Það verður lesið á bókum“, er vitnaði til Heimskringlu, enda er hún aðalheimild þess sem hér segir. Hvað er líkt með Sigurði sýr og Vermundi í Vatnsfirði? Hvers vegna er Ólafur svo fús að taka við Kristi og hvaða hlutverk ætlar hann honum? Hugleiðið muninn á landstjórnaraðferð Hákonar jarls Eiríkssonar og Ólafs og mismunandi afstöðu þeirra til kristinnar trúar. Athugið einnig hvernig Ása Guðbrandsdóttir tekur á móti syni sínum og hvernig hún brýnir bónda sinn til að duga honum.

Þrítugasti og fjórði kafli

engisjór: stöðuvatn á engi

fiskar vaka: fiskar stökkva upp úr vatninu

Urðarorð: dómur Urðar (örlaganornarinnar)

Kvæði Sighvats Þórðarsonar um Ólaf helga eru þessi: Víkingavísur, Nesjavísur, Vesturfararvísur, Erfidrápa Ólafs helga. Í lok þessa kafla er rakið nokkuð efnið í Víkingavísu.

landskipunarbók: landafræði, en í Víkingavísu er mikið af örnefnum

gerði áhendan: gerði sér handgenginn, gerði að hirðmanni sínum

Til athugunar:

Rétt er að Emma giftist Knúti Sveinssyni en reyndar að Aðalráði látnum. Sighvatur Þórðarson var eitt frægasta skáld þessa tíma. Hann var þekktastur hirðskálda að því að yrkja lof um marga konunga, annars héldu skáldin yfirleitt tryggð við einn konung. Sighvatur orti gjarnan um þann konung sem fastastur var í sessi hverju sinni.

Þrítugasti og fimmti kafli

signum crucis: merki krossins

kredda (lat. *credo*): trúarjátning

dominum (þolf. af *dominus*): herra

drífa silfur: gera upphleypta silfurmunni

þekkilegur: þægilegur

hvirfing: hringur

drekka hvirfing: hafa samdrykkju

Jón antípafi: Jóhannes XVI. (XVII) páfi 997–998. Ottó keisari III. steypiti honum af stóli og blindaði hann. Sylvester II. (áður Gerbert) var páfi 999–1003. Kallaður antipáfi vegna klofnings innan kaþólsku kirkjunnar og páfar því tveir í senn

arðurjárn: plógjárn

psalterium beate Marie virginis: sálmur blessaðrar Maríu meyjar

salkona: vinnukona

stalldyr: hesthússdyr

kyrjáll: sálmur

miserere: miskunna

Til athugunar:

Berið þennan kafla saman við 73.–75. kafla Heimskringlu í II. bindi Fornritaútg. Hverju munar?

Athugið pyndinga- og aftökulýsingar hér og í 22. og 28. kafla. Hvað er líkt og hvað er ólíkt?

Athugið ræðu Ólafs digra hér aftarlega í kaflanum. Finnið sambærileg dæmi um napurt háð í sögunni.

Þrítugasti og sjötti kafli

eirusemi: friðsemd

Gimlé: gríðastaður á himni eftir ragnarök. Orðið merkir eldhlé, skjól gegn eldi.

brandadyr: aðaldyr. Nafnið er dregið af bröndum (stoðum) sem stóðu sinn hvorum megin við innganginn.

guðvefjardúkur: dúkur úr dýrum vefnaði

Til athugunar:

Um dráp Þorgeirs má lesa í Fóstbræðra sögu. Margt ber á milli þess sem hér er sagt og þeirrar frásagnar. Þó er þau þrjú atriði sem hér eru ótrúlegust einnig að finna þar: Höfuð Þorgeirs var höggvið af bol til að sanna afrekið. Í öðrum heimildum, Þórarins þætti, er þess getið að höfuðið hafi verið saltað. Þess eru allmörg dæmi að menn flyttu með sér höfuð óvina sinna, m.a. sem sannindamerki. Svo var um höfuð Grettis. Einnig það var geymt í salti. Í Fóstbræðra sögu segir einnig að banamenn Þorgeirs hafi klofið hann til hjarta og reyndist hjartað lítið. Hvað táknaði það? Sjá einnig um þetta í Atlakviðu.

Í Fóstbræðra sögu eins og í Gerplu segir að spjótskaft Þorgeirs og skjöldur hafi verið haft til eldsneytis. Í Fóstbræðra sögu að vísu áður en Þorgeir var veginn. Kannið annars hvað á milli ber. Af hverju vildu Þórdís og Kolbakur ekki fyrircoma höfði Þorgeirs áður en Þormóður yrði þess var? Takið eftir hvernig þarna er teflt fram andstæðum eins og víðar í Gerplu.

Þrítugasti og sjöundi kafli

um óttubil: kl. 3 að nóttu

miður morgunn: kl. 6 að morgni

dýrkálfur (hjartarkálfur) döggu slunginn, sbr. Völsungakviðu 38. v.

skjóla: fata

Til athugunar:

Hugleiðið „þá speki að stáli trúir ragmenn ein“. Finnið fleiri athugasemdir í þessa átt í sögunni.

Þrítugasti og áttundi kafli

draga í holt og hreysi: urða

Brjann konungur: völdugur írskur konungur sem féll fyrir Norðmönnum í orustunni við Clontarf 1014. Frá Brjáni konungi segir nokkuð síðast í Njálu.

Tarfaklón: Clontarf. Orðið þýðir nautsvöllur bæði á írsku og íslensku

klón: völlur (Er til sem bæjarnafn (eyðibýli) í Skagafirði.)

vefjarkápa: vaðmálskápa

eyvit: ekkert

Til athugunar:

Kynnið ykkur söguna í Snorra-Eddu um fjöturinn Gleipni sem æsir lögðu á Fenrisúlfi, Gylfaginning 34. kafli. Hvernig má líkja honum við fjötur þann sem Þórdís hefur lagt á Þormóð? Hvað í þessari frásögn af lífinu í Ögri tengist lífsskoðun Rúðukerlingar sem segir frá í 29. kafla? Hvernig var Þormóður leystur og hver leysti hann?

Athugið ást konunnar andspænis hetjuskapnum. Hvaða dæmi má finna í sögunni að þessu sé teflt fram sem andstæðum?

Þrítugasti og níundi kafli

fættast: fækka

keppur: lurkur

kjór: kali, fæð, þykkja
ekki vætta: ekki neitt
líddi: leið, hvarf af sjónarsviðinu
ginnungagap: hið mikla gap, þ.e. tómið sem var áður en veröldin var sköpuð
kröggvasamt: erfitt
skrá: skinn
skreyja: skinndrusla
hrata: hrasa, lenda í
hverju sem ærði: hvernig sem áraði
brum: tími
lýsumatur: mjólkurmatur
skammbragðs: brátt
bílífi: sællífi
Vigfús: sá sem er fús að vega víg
kampur: skegg, sbr. brosa í kampinn
skapa hár sitt: klippa hár sitt
þjokkur: þykkur
gneyplegur: þröngur, girtur slútandi fjöllum

Til athugunar:

Hvað veldur því að svo mikil áhersla er lögð á hið erfiða líf í Grænlandi?

Fertugasti kafli

málrúnar: rúnir sem veita mönnum vald á máli og vernda gegn reiðiorðum annarra
sorgafullur: áhyggjufullur
þjóðann: konungur
í fornum spjöllum, þ.e. Hávamálum, en þar eru menn varaðir við að sofa í faðmi fjölkunnugrar konu (v. 114)
snör náhvalstönn: snúin náhvalstönn

Til athugunar:

Athugið skilnað Þormóðar skálds og konunnar sem byggir undirdjúpin. Hvað felst í ummælum hennar á kveðjustund?

Fertugasti og fyrsti kafli

núitar: menn
ljóstur: stöng með járnoddi notuð til fiskveiða, sbr. *að ljósta*: slá

skyti: skotmaður
eigi giska: ekki mjög
fregna (frá – frágum – fregið): fréttu
desuxi: sauðnaut
óf hunda: fjöldi hunda

Fertugasti og annar kafli

örgáti: glaðning, hressing
klárindi: hreinlæti
skammfyllast: fyllast skömm
bos: ból, rúm, hreiður, híbýli
útnári: ysti og þynnsti hluti á spýttu skinni, hér: mjög afskekkt byggð
teygja á flærðir: lokka til fláttskapar (ótryggðar)
óhrúðugur: afbrýðisamur
kárína: yfirbót, refsing (eignlega 40 daga fasta sem refsing fyrir drýgða synd)
rekningur: útskúfaður, útigangsmáður

Til athugar:

Af nútímum segir ekki í Fóstbræðra sögu, aðalheimildinni um Þormóð. Hver er erindi þessa kafla í Gerplu? Hvers konar mannlíf speglar þessi frásögn?

Fertugasti og þriðji kafli

eftirlætisleysi: óvild, óhlýðni
hleypliför: ránsferð
Suðurríki: þýsk-rómverska keisaradæmið
svo að hvergi kom konukné á milli, þ.e. í beinan karllegg
Garðaríki: Rússland
knjas: rússneskur fursti
að frörum: um vetur
Salt: Eystrasalt
einarráttur: hreinskilni, trúnaður
glatt silfur: skírt, skínandi silfur
tænaður: stuðningur, hjálp
steindur: málaður með steinlit
stafað segl: röndótt segl
hölkni: grýtt og gróðurlaust land
mörk: skógur

Til athugunar:

Hvers vegna er svo ítarlega rakin barátta um völd og yfirráð á Norðurlöndum? Hvernig tengist þetta meginþema Gerplu? Hugleiðið sérstaklega: „En sem auður vex í Danmörku í fjarvistum konunga, eykst hallæri að sama skapi í ríki Ólafs konungs hins digra Haraldssonar í Noregi. Gengur þar hver peningur til framflutningar varnarliði er konungur þurfti jafnan að hafa tiltækt í gegn Noregsbóndum, og svo til að efla kristnihald og smíða herskip.“

Fertugasti og fjórði kafli

drúpa (höfði): beygja (höfuð), vera hryggur

steinasörvi: hálsfesti gerð af steinum

skytningisstofa: samdrykkjustofa, þar sem menn skjóta saman í mat og drykk

semsveinn: sveinn frá Finnlandi (Suomi) eða Lapplandi

skriðfínnur: finnskur maður (Finnar voru miklir skíðamenn)

höfuð Mímis: samkvæmt Völuspá og Snorra-Eddu leitaði Óðinn fréttu af höfði Mímis, þegar mikið lá við, t.d. á undan ragnarökum, sbr. Mímisbrunnur: viskubrunnur

Boðnarker: eitt af kerunum þremur sem skáldamjöðurinn var geymdur í
menn lítils geðs og lítilla sanda, sbr. Hávamál 53

hærusekkur: poki gerður úr hárum (togi)

hart leikinn af systurum: örlaganornum

selja: framreiðslustúlka, sbr. matselja, ölselja

akarn: aldin villtra trjáa, t.d. eikarinnar

negg: hjarta

stallari: einn af tignustu hirðmönnum konungs

sólskin þeygi björt ... á hlíðum Noregs um sinn, sbr. vísu Sighvats: Há þótt mér hlæja / höll of Noreg allan ...

griðungsígildi: jafngildi nauts

nennuleysi: leti

mjöðrann: öldrykkjuhús

Bifrastarbogi: Bifröst, brú af jörðu til himins samkvæmt Eddu

gífra: þvaðra, deila

gífra um geitarull: deila um einskisverða hluti, sbr. að deila um keisarans skegg

rymtur: orðrómur

Til athugunar:

Hvaða skilningur kemur hér fram á hlutverki Íslendinga sem hirðskálda og túlkun þeirra á sögu Noregs? Hvort er sá betur settur er heldur tryggð við sinn konung eða hinn sem er tækifærissinni eins og Sighvatur, yrkir lof um þann konung er gengi hefur hverju sinni?

Fróðlegt væri að bera saman útlitslýsingu Þormóðar er hann kemur frá Grænlandi og Auðunar vestfirska (sjá Auðunar þátt vestfirska) og ekki síður Mána skálds (sjá Mána þátt skálds) er þeir koma úr suðurferð af fundi páfa. Þurfa þeir svo miklu til að kosta er hafa vilja hylli konungs og páfa og halda tryggð við þá?

Samkvæmt Þætti Þormóðar var Þormóður um tíma hjá Knúti ríka.

Sjá einnig 25. kafla um föður Sighvats, Þórð Strútharaldssonaskáld.

Fertugasti og fimmti kafli

regúla (lat.): (klaustur)regla

fingerbrjótur: mikil skyssa í skák, glapleikur

málsendi: ályktun, málflutningur

náttklukka: hringing til næturbæna (kl. 12). Hinar kaþólsku tíðir eru þessar: nocturnum medianum (vigilia): miðnæturvaka á miðnætti, matutina (hora): kl. 3, prima: kl. 6, tertia: kl. 9, sexta: kl. 12, nona: kl. 15, vespera: kl. 18, completorium: kl. 21

sæta: sitja fyrir

klúra aftur: loka með loku

fyrsta klukka ad matutinum: fyrsta hringing til morgunbæna (kl. 3)

transsubstantion(em): ummyndun (efnisbreyting) brauðs og víns í líkama og blóð Krists

Hrafnistumenn: afkomendur Ketils hængs

kynborinn: ættgöfugur

mutra: smáflytja til, breyta (lat. mutare)

Selund: Sjáland

stertimaður: sem er mikill á lofti

byrvindur mánabruðar: tröllkonu vindur: hugur

skjálfhenda, sbr. Háttatal Snorra 35. v.

jöfur: konungur

krotað sverð: sverð með gröfnum myndum

Knútur var und himnum, sjá Knútsdrápu Sighvats

transsubstantionem panis (lat.): ummyndun (efnisbreyting) brauðsins

suður yfir fjall: yfir Alpafjöll til Róms

Til athugunar:

Um þá atburði er hér segir af má lesa í Heimskringlu. Takið eftir hvernig höfundur Gerplu vinnur úr þeim heimildum það sem hentar meginþema sögunnar. Veitið og athygli hvernig orðin landsfólk, landstjórnarmenn og landvarnarlið eru notuð.

Fertugasti og sjötti kafli

Kænugarður: Kiev
Népurá: Dnjepr
stórknjas: konungur (rússneskt orð íslenskað að nokkru leyti)
knjas: rússneskur fursti
stórknasynja: drottning
bojar: undirkonungur
bogatír: hetja
patriarki: yfirkirkja (í grísku kirkjunni)
kúmanar: herskár tyrkneskur þjóðflokkur
Stephani protomaryris: Stefáns fyrsta píslarvotts
elji: keppinautur í ástamálum
ráða skipi til hlunns: draga skip á land
undir frör: undir vetur
óljúgheitur: orðheldinn, tryggur
himnasjóli: Kristur
svartagall: þunglyndi, bölsýni
metrópólít: höfuðborgarbiskup
arkímandrít: forstöðumaður klausturs í grísku kirkjunni, sbr. ábóti í hinni rómversku
glutra: missa af klaufaskap
frumver: fyrsti (eigin)maður
spúsi: eiginmaður
berendi: kvenkyns dýr
gaprildi: málskrafsskjóla, léttúðardrós
bera: birna, kvenbjarndýr
mylkja: gefa að sjúga
Vúlgaría: hið forna Búlgaríuríki
sjónhannar: sjónhagur, með smiðsauga
Sigurgeir biskup: Sigurgeir biskup Sigurðsson, biskup á Íslandi, dáinn 1953

Til athugunar:

Berið það sem hér segir um læknishendur Ólafs saman við frásögn Heimskringlu af lækningum Ólafs í Garðaríki og það sem þá segir um læknishendur hans. Hverju munar? (Heimskringla, Fornritaútg., II. bindi, 189. kap., bls. 341–2.)

Athugið fleiri staði í Gerplu þar sem talað er um læknishendur Ólafs.

Af hverju vildi Ingigerður gera Ólafi dvölina í Garðaríki sem bærilegasta og hvers vegna er hún ekki alls kostar ángæð með Jarisleif bónda sinn?

Fertugasti og sjöundi kafli

Salt: Eystrasalt

Eysýsla: (Ösel), eyjarnar úti fyrir Eistlandi

hugaðlátlega: vingjarnlega

múkareynir: drottinn, Kristur (sá sem reynir munkana)

einmenningur: vera eða hafa eitthvað einn útaf fyrir sig, sbr. að *drekka einmenning*, þegar hver drakk af sínu horni; *drekka tvímenning*, þegar tveir drukku af sama horni (venjulega karl og kona); *sveitardrykkja*, þegar allir drukku af sama horni og var látið ganga frá manni til manns

skörp skreið: harðfiskur

gaumgæfa: veita athygli

Basilíus af Kappadósíu: grískur biskup og kirkjuhöfðingi, d. 379

Jómali: Jumala: finnskt goð, orðið er finnsk-úgrískt að uppruna

völur: stafur

tólf veðra: tóf hrúta

veður: hrútur

næfur: himna sem er yst á trjáberki

brimaklerkur: Klerkur í Brimum

als: þar sem

Til athugunar:

Hugleiðið enn valdabaráttu konunga á Norðurlöndum. Hvers vegna er Önundur konungur í Svíþjóð fúsari nú en áður að styðja Ólaf digra til valda í Noregi? Athugið og afstöðu þeirra systra Ingigerðar og Ástríðar til Ólafs. Hvers vegna stenst Ólafur þá freistingu Ingigerðar að verða eftir hjá henni í Garðaríki? Hugleiðið þessar lykilsetningar: „Á það er að hætta sem Kristur vill, og eru konungsríki eigi auðkeypt, en láta um konur skipast sem til efnist“, „en konungum gefumst vér til eignar sökum landa er þeir stýra, en hvorki að girndarráði né þeim fram er þér eiguð undir spáfoglum.“

Berið það sem hér segir saman við frásögn Heimskringlu af liðskosti þeim er Ólafur fékk í Svíþjóð svo og hvernig Ástríður tók á móti honum. Hverju munar?

Fertugasti og áttundi kafli

skreppa: malpoki

hlennimaður: ræningi

mannslagari: manndrápari

nobilis orbis et domina albis et virginum liliis candida: göfug, hvít drottning heims og hrein af meylegum liljum

Kampaníagreifar, Túskulumgreifar, Sabínagreifar, Orsínar og Kólonnur: tignustu aðalsættir í Róm frá miðöldum til vorra daga

Valdsgreifar: Pfalsgreifar (þýskir)

Gíbellínar: fylgismenn Hohenstáfa (þýsku konungsættarinnar) í valdabaráttunni (aðallega á Ítalíu á 12. og 13. öld)

Gúelfar (Welfar): andstæðingar þeirra

Júpítershof: hof Júpíters sem var æðstur rómverskra guða

skálmöld: styrjöld

basílika: heiti á helstu höfuðkirkjum

krankfellt: mikið um sjúkdóma

hrævadaunn: lykt af líkum, nálykt

kúría: páfaráð, páfastjórn

carbunculus (lat.): dýrmætur steinn

slekt: ætt

lingva volgare: mál múgsins

vernaculus: önnur mál en latína

salutatorium: móttökusalur

hégómi: kóngulóarvefur, húsaskúm

gullfjallaður: ísaumaður gulli

camerarius: gjaldkeri

offra: gefa (til kirkjunnar)

dominus: herra

sicut: svo sem

Jón postuli: Jóhannes postuli

sancta virgo: heilög mæ, þ.e. María mey

linleikur: auðmýkt

skrálast áfram: lifa við þröngan kost

pro Christo: fyrir Krist

súplikátsía: (auðmjúk) beiðni

klifa: þrástagast á

drussi: dóni, kauði

offur: gjöf (til kirkju)

denarius: rómverskur silfurpeningur

Péturspeningur: skattur eða frjálst framlag til páfastólsins í Róm

hráskinn: hæli, athvarf

í vernaculo: öll mál nema latína (t.d. þýsku, frönsku o.s.frv.)

væningar: getsakir

þrætumaður: sértrúarmaður

falsa steðja: búa til falska mynt; steðji: áhald notað við myntsláttu

falsa steðja: hér máski að falsa rétta kenningu Krists, sbr. orð Jóns Vídalíns í prédikun 5.

sunnudag eftir þrettánda: „Svo falsar nú andskotinn guðs steðja meðal vor og setur hans

mynd og yfirskrift á svikinn málm.“ Falsmyntun og villutrú höfðu sömu refsing í för með sér.

krúnuvígsla: vígsla til andlegrar stéttar, og voru menn þá krúnurakaðir

acolutus: biskupssveinn

vefjast tunga um höfuð: verða orðfall, sbr. að vefjast tunga um tönn
vagus: klerkur sem ekki þjónar undir sérstakt biskupsembætti, en slíkt varðaði banni

Til athugunar:

Athugið það valdabráll og spillingu sem hér er lýst. Hér eru það peningarnir og metnaður Grímkels sem ráða úrslitum. Hvaða röksemd tekur Kristur eða umboðsmenn hans gilda? Stendur Grímkell að einhverju leyti að baki falli Ólafs konungs?

Fertugasti og níundi kafli

að ráða konungi: að drepa konung

saltkarl: maður sem vinnur við saltframleiðslu

laxakarl: laxveiðimaður

kvernhús: mylla

hnyðja: trékylfa, áhald til að jafna og þjappa með, t.d. veggi

Til athugunar:

Veitið athygli hvernig lýst er liði því sem er að safnast saman til að veita Ólafi mótspyrnu. Hvers konar fólk er þetta? Hvað ber á milli þeirra hugmynda sem Þormóður hefur gert sér af íslenskum skáldskap um frægð Noregskonunga og þeirrar reynslu sem viðmælendur hans í Noregi telja sig hafa af sömu konungum? Er hægt að finna í þessum kafla og víðar bergmál frá ummælum í Magnúsar sögu berfætts: „Til frægðar skal konung hafa en eigi langlífis.“ Athugið hvernig talað er um berfætta menn í Gerplu.

Hagkvæmt er að bera þennan kalfa saman við 205. kafla Heimskringlu þar sem Ólafur konungur og liðsmenn hans eru að ræða um hvernig haga skuli sókninni. Hver er tillaga Þormóðar og Finns Árnasonar?

Snorri segir í Heimskringlu að í liði Ólafs hafi verið „nínu hundruð heiðinna manna“; „létu skírast fjögur hundruð manna, en fimm hundruð neittu kristni, og snøri það lið apr til síns lands.“ Hvað segir í Gerplu um liðsafnað bænda? Í lok þessa kafla er orðrétt tilvitnun í Heimskringlu.

Fimmtugasti kafli

paðreimur: hringleikvangur, úr grísku, hippodromos: reiðsvið

uppregin: himnagoð

cherub(im): kerúb, varðengill, *im* er hebresk fleirtöluending

skinnkyrtla: kona í skinnkyrtli, svo gengur tröllkona klædd

taugreftur: reftur með taugum, tágum (í stað viðar)

á lyngi: á heiðum uppi

haðna (ft. *höðnur*): ung geit

Til athugunar:

Hugleiðið þennan hinsta fund Þormóðar og Kolbrúnar og þá spádóma sem tengjast honum.

Er Þormóður laus undan valdi Kolbrúnar?

Samkvæmt Fóstbræðra sögu og Heimskringlu féll Þormóður eftir bardagann á Stiklarstöðum.

Hvað er gefið í skyn í Gerplu um endadægur Þormóðar?

Fimmtugasti og fyrsti kafli

kylfa til orða: leita að orðum; notað um þá sem eru stirðir í málinu

bull: stöng í bullustokki

berlingsás: lurkur, prik

pataldur: bardagi

hörgur: grjóthóll sem átrúnaður er á

stál þau er í gær gátu: vopn þau úr stáli er í gær fengu

gullbeitlaður: með beisli lagt gulli

gerskur: rússneskur (úr Garðaríki)

tók mestan af: kvað fastast að orði

Kúmali: tilbúningur höfundar

haddur jarðar: hár jarðar, þ.e. jurtir

eikjukarfi: eintrjáningur, ferjubátur gerður úr holuðum trjástofni

gandur: stafur

mansmaður: þræll

mónastír: rússneskt klaustur

Ægisif: alþýðleg ummyndun orðanna *Hagia Sofia*: Heilög Viska

Til athugunar:

Veitið athygli hvernig Ólafur konungur tekur á móti skáldi sínu. Er í þeim viðtökum fólgin

dulin meining um það hvernig hinn sterki reynist þeim sem dái hann og styður? Berið

saman ræður þær sem Ólafur er sagður hafa haldið fyrir liði sínu í Heimskringlu og Gerplu á

undan Stiklarstaðaorustu. Hverju munar? Takið eftir því sem Ólafur segir í Gerplu um

„landvarnarmenn Noregskonungaríkis“, „frjálsunarmenn Noregs og landvarnarlið“.

Hvernig ber að skilja niðurlag kaflans? Er Ólafur orðinn blindinn í trúnni eftir dvöl sína í

Garðaríki?

Fimmtugasti og annar kafli

in nomine Jesu Christi domini nostri: í nafni Jesú Krists herra vors

Til athugunar:

Gerplu lýkur nóttina fyrir Stiklarstaðaorustu en hún vofir yfir. Felst í því uggur þess að enn sé styrjöld yfirvofandi þegar sagan er samin?

Hvers vegna hættir Þormóður við að flytja konungi lofkvæði? Hefur það runnið upp fyrir honum að konungur sé ekki sú glæsta hetja sem verðskuldi að hann flytji lof? Fór honum líkt og Þorgeiri sem gekk garpsbraut sína á enda en sá þó að orustur urðu mjög ólíkar því sem segir í fornum fræðum?

Eftirmáli

Gerpla er í rauninni ný fornsaga þó að hún sé skrifuð á 20. öld. Efnið er sótt til áraanna fyrir og eftir 1000 og víða leitað fanga. Sögusviðið er Ísland, Noregur, Írland, England og Normadí í Frakklandi, svo og Grænland og Garðaríki í Rússlandi. Þannig er sögusviðið og sögutíminn sameiginlegur þeim sögum sem nefndar hafa verið íslenskar fornsögur eða Íslendingasögur. Persónur sögunnar og frásagnir af þeim er sótt til margra bóka eins og höfundur segir í upphafi verksins. Getur höfundur fyrst þeirrar bókar „er nefnd hefur verið Fóstbræðra saga hin mikla; síðan þátta mjög fróðlegra er lesnir verða á íslenskum skinnbókum þeim er öldum saman hafa fólgnar verið í bókaskemmum erlendis; en loks margra útlendra bóka fornra, einkum þá er á líður söguna.“

Fyrstu tuttugu kaflar bókarinnar gerast á Íslandi og segja frá þeim fóstbræðrum, Þorgeiri Hávarssyni og Þormóði Bessasyni, æsku þeirra og afreksverkum, skiptum við aðra garpa, konur og friðgóða bændur. Þessar frásagnir eru mjög sniðnar eftir Fóstbræðra sögu þó að persónurnar lúti lögmálum Gerplu einnar. Tuttugasti og fyrsti kafli gerist á Írlandi og lýstur þar saman sjónarmiðum hins einhæfa víkings og ofstækisfyllstu iðkendum kristinnar trúar. Í þeim þætti er stuðst við Irish Monasticism, Origin and Early Development, by Rev. John, S.J., M.A., D.Litt. Í tuttugasta og öðrum kafla til þrítugasta og fimmta gerist sagan í Englandi, Normadí og Noregi. Þar kemur Þorgeir Hávarsson nokkuð við sögu, sem og í írska kaflanum, en meginefnið er gamall og nýr skilningur á víkingaferðum og baráttu konunga, jarla og stórbænda um völd yfir löndum og lýðum. Í þessum köflum er nokkuð stuðst við Heimskringlu, en einnig enskar heimildir, t.d. The Saxon Chronicle og víðar víðað að efni. Í þrítugasta og sjötta til þrítugasta og áttunda kafla segir frá því er Þormóður situr að búi sínu í Ögri með Þórdísi Kötludóttur. Efni þess þáttar mun að mestu frá höfundi. Í þrítugasta og níunda til fertugasta og annars kafla segir frá dvöl Þormóðar á Grænlandi með norrænum mönnum og nútímum í leit að banamönnum Þorgeirs fóstbróður síns. Þar styðst höfundur að nokkru við Fóstbræðra sögu en víkur verulega frá efni hennar. Fertugasti og þriðji kafli til söguloka segir frá valdabaráttu konunga í Noregi, svo og komu Þormóðar til Noregs að flytja Ólafi konungi kvæði. Sögunni lýkur nóttina fyrir Stiklarstaðabardaga. Í þessum hluta er Heimskringla meginheimildin.

Um ástæðuna fyrir þessum sögulokum Gerplu gefur höfundur þessa skýringu frammar í lokakafla sögunnar: „Hafa aðrir fræðimenn vitrari oss til orðið að efla frægð þeirra Þormóðar skálds og Ólafs konungs frá þeirri stundu er báðir lágu andarvanir að Stiklarstöðum á morgni hinum næsta eftir niðurfall þessarar vorrar frásögu.“

En hver er tilgangur höfundar að rifja upp þessa fornu atburði og fjalla um þá á ný? Sé Gerpla borin saman við heimildir þær, sem höfundur styðst einkum við, má finna margs konar samsvörun en einnig ýmiss konar frávik. Nú er það svo að hinum fornu ritum ber ekki ævinlega saman í frásögn atburða og frásagnarhætti. Til dæmis eru til nokkuð ólíkar gerðir af Fóstbræðra sögu. Þar má greina tvær stefnur, annarsvegar hina gagnorðu, meitluðu frásögn

og hinsvegar langorðari frásögn þar sem koma skýringar og útdúrar. Hefur lengi staðið deila um það meðal fræðimanna hvor gerðin sé upphaflegri. Í Gerplu er ekki síður tekið mið af hinni orðfleiri, þeirri með „klausunum“ sem deilt hefur verið um hvort væru upphaflegar í sögunni eða síðari tíma viðbætur. En í Gerplu er horft til liðins tíma af sjónarhól nútímans og þar fer fram endurskoðun ýmissa lífsgilda bæði í lífi einstaklinga og þjóða.

Skal nú að nokkru gerð grein fyrir innviðum sögunnar, einkum persónusköpun, umsvifum persónanna og því sem þær sækjast eftir, lífsmati þeirra.

Persónusköpun

Í fornsögum vorum eru margar manngerðir: hetjur, hugblauðir menn, góðmenni, illmenni, glæsímenn, ljótir, skáld, vitmenn og drengskaparmenn. Konur eru fagar og forljótar, skapstórar og trygglyndar, en umfram allt ástheitar. Sumar persónurnar eru aðeins gæddar einni skapeind, aðrar eru samsettar. Persónur Gerplu eru allar gamalkunnar úr fornum sögum. En skapgerð þeirra er tekin til nýrrar athugunar, verk þeirra og lífsviðhorf. Eins og nafn bókarinnar bendir til er einkum tekin til athugunar sú manngerð er hefur hlotið samheitið garpur og mun því fyrst vikið að henni.

Garpurinn

Í Gerplu kynnumst við mörgum görpum en einn ber hæst. Sá heitir Þorgeir Hávarsson. Hann er aðeins gæddur einni skapeind. Hann er hin forna hetjuhugsun persónugerð. Hann nam þau fræði að móðurkné að það væri meiri fremd að vera víkingur en bóndi, meiri sómi að vega menn en draga fiska. Í æsku gerðist hann svo elskur að járn að hann seldi húskörlum smjörskammt sinn fyrir járn. Þegar hann óx upp vildi hann afla sér hraustra óvina og mæla þá því máli einu, sem felst í sannyrðum sverða, en sigra þá síðan með hjartaprýði og grimmd. Honum fannst sönnum garpi ósamboðið að hokra að konum. Hann sá ekki Þórdísi í Ögri er hún greiddi honum löðrung fyrir að taka á brott frá sér ástmann sinn. Hann þóttist illa ginntur er Geirríður Kolbrúnardóttir vildi gera hann að sporgöngumanni friðils síns að honum vegnum. Honum fannst sannri hetju óvirðing að þiggja hjálp og þó allra síst vildi hann þiggja lífgjöf. Þó verður hann þrúvegis að þola þá raun, sbr. hvannatekju þeirra fóstbræðra, skipreikann við Írland og hjálp smalapilts og hjúkrun húsfreyju eftir bardagann í Normandí. Ég þarf ekki að halda þessari lýsingu áfram, hún er auðlesin úr sögunni. Einnig er augljóst hvert hún er sótt. Í Fóstbræðra sögu segir að Þorgeir væri lítill kvennamaður, „sagði hann það svívirðing síns krapt að hokra að konum.“ Einnig segir hann í Fóstbræðra sögu að vígi vegnu: „Eigi hafði hann nokkurrar sakar til móts við mig, en hitt er satt að eg mátti eigi við bindast er hann stóð svo vel til höggisins.“ Þorgeir er í rauninni sama persónan í Gerplu og *Fóstbræðra sögu*, aðeins dreginn færri og skýrari dráttum, þeim dráttum einum er sýna hinn fullkomna garp. Hann vinnur næstum sömu verkin í báðum sögunum. En í Gerplu er hann í

rauninni trúrri hetjuhugsjón sinni og frægðarlöngun. Í Gerplu vinnur hann ekki á mönnum óvörum eins og í Fóstbræðra sögu. Og í Gerplu er honum fjarri skapi að láta undan síga fyrir ofurefli eins og dæmi er um í Fóstbræðra sögu.

Þegar Þorgeir er orðinn leiður á nöldri búkarla í konunglausu og harðbýlu landi, þar sem hann hafði lifað á ránskap um sinn, fer hann utan til að þjóna göfugum konungi og drýgja dáðir. Hann kemur til Írlands og mætir þar algerri andstæðu skapgerðar sinnar, hinni algjöru afneitun þess að trú á mátt sinn og megin, en sigra óvin sinn án líkamlegrar andspyrnu eins og Kristur á krossinum. Hann kynnist lítilmannlegri grimmd víkinganna sem kasta ungbörnum milli sín á spjótsoddum til að hræða almenning, en hann afneitar slíkri skemmtan af því að hún er andstæð skoðun hans á sönnum garpskap. Hann gerist varnarliðsmaður Ríkarðs Rúðujarls en er sigraður af bændum með trékylfum, klumbum, kvíslum, garðstaurum, fiskanetjum og öðrum ógöfugum vopnum og „mjög hafa orustur orðið því ólíkar sem segir í fornum fræðum“. Hann neitar þó að svæfa garpinn í örmum Rúðukvenna og gerast sporgöngumaður þess bónda er víkingar höfðu drepið. Hann féll fyrir vopnum heima á Íslandi.

Garpurinn, skáldið og ástmaður kvenna

Svo sem Þorgeir er gæddur einni skapeind þannig er skapgerð Þormóðar snúin úr þrem þáttum. Hann er garpurinn sem gerir fóstbræðralag við Þorgeir og fylgir honum í flestum harðræðum heima á Íslandi. Hann er skáldið sem yrkir um konur, garpinn og konung hans, skáldið sem skóp þá blekkingu sem Þorgeir fylgdi til enda. Hann er ástmaður kvenna. Af þessum þrem þáttum verður Þormóði mikil saga. Svo sem togast á um hann ástir kvenna og skyldan við fóstbróður hans lífs og liðinn, þannig er ástin af tveim rótum runnin. Ást Kolbrúnar er hin myrka, jarðbundna líkamsfýsn, en ást Þórdísar sú er lyftir manningnum til lífsástar og lífsþjónustu. Milli þessara ástkvenna hvarflar Þormóður og snýr kvæðum sínum til þeirra á víxl. Af ást þeirra beggja hlýtur hann örkuml. En ofar ást þeirra setur Þormóður skylduna við fóstbróður sinn. Hann hverfur frá Þórdísi frumástmey sinni út í afspyrnuveður um vetrarnótt til að elta uppi útileguþjóna því að menn verða skáld og hetjur ef þeir búa ekki við hamingju sína. Römmust verða þó átökin er Þormóður fer frá búi sínu í Ögri til að leita uppi banamenn Þorgeirs. Þormóður situr að búi sínu í Ögri með Þórdísi Kötludóttur, mikilsvirtri húsfreyju í gæskufullu héraði. Hún hefur alið honum tvær táliprar dætur, með hendur yfrið smáar og bolla á öllum liðum. Ást hans til konu sinnar og dætra er algjör. Þá birtist honum höfuð Þorgeirs, tröllslegt og ljótt. Milli þessa ljóta höfuðs og ástar konu sinnar verður nú Þormóður að velja. Hann velur höfuðið. Þetta er auðvitað táknað. Höfuð Þorgeirs kemur til að minna Þormóð á skylduna við fóstbróður sinn, hefndarskylduna og kvæðið sem hann hafði lofað að yrkja um kappann og konung hans. (Þess má geta í leiðinni að hér er ekki að öllu leyti um uppfinningu höfundar Gerplu að ræða. Samkvæmt rituðum heimildum hjuggu banamenn Þorgeirs höfuð hans af búki, söltuðu og fluttu með sér til Alþingis til að sanna afreksverkið að þeirrar tíðar hætti.)

Nú hefjast hrakningar Þormóðar til Grænlands í leit að banamönnum Þorgeirs og síðar til Noregs að flytja Ólafi Haraldssyni lofkvæði. Hvorugu kemur hann fram. Banamenn Þorgeirs ber undan og Þormóður getur ekki flutt lofkvæði sitt er hann sér konung engjast kjarkþrota í grasi, horfinn vinum og ástkönnum en studdan útlendu liði heiðnu.

Ástkonur

Í Gerplu eru mun færri kven- en karlpersónur og flestar á einn veg. Þær eru arftakar Brynhildar Buðladótturog Guðrúnar Ósvífursdóttur, heimta skilyrðislaust að ástmenn sínir myrði hver annan og gerast unnustur þeirra er sigra. Segja má að Hrafnfjarðarmæðgur, Kolbrún og Geirríður, séu skopstæling þessara fornu kvengerða. Þórdís í Ögri er meira beggja blands og ást hennar sigrar allt að lokum. Ung gerist hún ástkona Þormóðar þó að hún kjósi heldur að giftast honum að réttum landssið. Hún lætur að vísu sem hún vilji að annar hvor ástmannanna sinna falli en vefur þá báða spuna sínum og veitir þeim hlíf. Stærstur er sigur Þórdísar er hún gengur í hvílu þræls síns til að gera Þormóð af sér frjálstan svo að hann geti horfið „á vit þess frjálsræðis er gerir hetjur og skáld“.

Segja má að Þórdís sé fulltrúi hinna betur settu í Þjóðfélaginu en Kolbrún tilheyri frekar lágstétt þó að ást hennar sé jafnframt hin jarðbundna líkamsfýsn persónugerð. Fyrirmyndir þessara kvenna er að finna í Fóstbræðra sögu en þeim er að nokkru leyti steipt saman úr fleiri konum og gerðar einhæfari. Það er verk höfundar að láta Þormóð hitta Kolbrúnu hvar sem hann fer, á Íslandi, Grænlandi og í Noregi.

Af öðrum konum ber helst að geta þeirra sem tengjast valdabarátta konunga. Emma Englandsdrottning er í rauninni aðeins nafnið eitt og er nefnd vegna þess að hún er drottning þess konungs sem ræður Englandi hverju sinni, jafnt Aðalráðs og Knúts hins ríka Sveinssonar.

Ingigerður Ólafsdóttir og hálf systir hennar, Ástríður, sýna meira inn í hug sinn. Metnaður þeirra er að eiga þann konung sem ræður löndum og lýðum.

Þórelfur móðir Þorgeirs hefur nokkra sérstöðu. Hún er sú móðir sem elur son sinn upp til að verða hetja og deyja sem slík. Þorgils Arason sagði og „enda þróast víkingslund og garpskapur með öskukellingum til dala meir en öðru fólki.“

Ást Lúku og Mamlúku er hin fórnfúsa ást sem jafnan er minnst metin. Rúðukerling er hin raunsæja lífsreynsla persónugerð.

Víkingasveitir og valdabarátta

Það kemur skýrt fram í íslenskum fornsögum að Íslendingar litu mjög upp til Noregskonunga fyrstu aldirnar. Segja má að samkvæmt fornsögunum hafi vart nokkur sæmilega ættaður Íslendingur verið orðinn maður með mönnum fyrr en hann var búinn að sigla til Noregs og komast í kynni og helst vinfengi við Noregskonung. Einnig gerðust Íslendingar á þessum tíma

hirðskáld Noregskonunga. Það skapaðist sú tíska að konungum þótti æskilegt að hafa skáld sér við hlið til að stæra hróður sinn. Inntak þessara konungakvæða er fyrst og fremst lof fyrir hreysti og hugprýði í orustum. Þorgeir og Þormóður eru í Gerplu fulltrúar þessara Íslendinga, Þorgeir þeirra sem veita konungi vígsgengi og Þormóður þeirra sem yrkja honum lof, vegsama þau afreksverk sem þeir telja hann vinna. Þorgeir er að því leyti maður Ólafs konungs að hann hefndi með vígi hirðmanns hans heima á Íslandi. Frá því segir í *Fóstbræðra sögu*.

Á sögutíma Gerplu á sér stað harðvítug valdabarátta um norðanverða Evrópu. Ákøfust er hún í Noregi þar sem segja má að ríki borgarastyrjöld allt frá dögum Haralds hárfagra fram á daga Hákonar gamla. Í Noregi haldast konungar ekki við völd nema skamman tíma. Ýmist reka þeir hver annan frá völdum eða bændur hrinda þeim af höndum sér. Einnig er nokkur togstreita um völd milli Noregs, Svíþjóðar og Danmerkur. Jafnframt halda konungar, einkum úr Noregi og Danmörku og víkingasveitir þeirra suður á bóginn og herja á Írland, England og Normandí í Frakklandi og ná þar fóttfestu. Knútur hinn ríki Danakonungur var um tíma jafnframt konungur í Englandi.

Þessi valdabarátta er tekin til umfjöllunar í Gerplu og kastljósi einkum beint að Ólafi digra Haraldssyni sem eftir dauða sinn var kallaður hinn helgi. Fylgt er eftir umsvifum hans og víkingasveita hans á Englandi og í Normandí og þó sérstaklega tilraunum hans til að ná völdum í Noregi, halda þeim og endurheimta að þeim misstum. Mestri athygli er þó beint að þolendum þessarar valdabaráttu, þegnunum, hinu almenna landsfólki á hverjum stað og þeirri áþjám sem þetta fólk verður að þola af víkingasveitunum, varnarliði landstjórnarmannanna í valdastreitunni.

Lýst er þeim pyndingum sem menn verða að þola. Þyki þær grimmilegar ber að hafa í huga að heimildir um þær er að finna bæði í Heimskringlu og enskum annálum. Lýsingin á því hvernig Alfegus erkibiskup er tekinn af lífi fellur t.d. alveg saman við það hvernig þeim atburði er lýst í *The Saxon Chronicle* og *The Chronicle of Henry of Huntingdon*.

Á sögutíma Gerplu eru menn um norðanverða Evrópu að skipta um trúarbrögð. Kristin trú er að taka við af ásatrú. Vegna almennra samskipta finnst mönnum samræming nauðsynleg. Landstjórnarmönnum þykir nauðsynlegt að allir þegnarnir hafi sömu trú og þeir finna hve mikill styrkur er að því að eiga kirkjunnar menn, biskupa og páfa sem bakhjarl í átökum við óstýriláta þegna eða þá sem voru ekki nógu fúsir til að styðja þá í valdabaráttunni.

Víða í Gerplu kemur fram mismunandi skilningur á trúnni og ólík afstaða til hennar, hvað það er sem skírskotar til manna. Einna spaugilegast verður þetta í orðræðum og viðskiptum þeirra fóstbræðra við Jörund klerk heima á Íslandi. Meiri alvara en jafnframt naprara háð kemur fram í stóráttökum erlendis.

Annars má segja að greina megi í Gerplu þrenns konar afstöðu til Krists:

1. Landstjórnarmenn og þó einkum Ólafur digri Haraldsson sem fulltrúi þeirra telja sig hafa meiri stuðning af Kristi en guðum víkjandi trúarbragða. Hann telur „mál til komið að aftur hverfi sú þjóðlýgi að Kristur sé hlutmeltingur Þórs í grimmd og harðneskju, en Óðins í vélráðum“. Og svo er hið mikla vald páfans bakhjarl sem verður konungvaldinu enn styrkara að Ólafi föllnum og eftir viðurkenningu páfastóls á honum sem þjóðardýrlingi.

2. Friðsamir bændur, sem segir frá í sögunni, líta öðrum augum á Krist. Þorgils Arason telur vænlegra vígaferlum „að líkjast lávarði Rómshallar er boðar góðum mönnum ábata með friði“.

Svipuð afstaða kemur fram hjá búandfólki í Normandí sem setur Krist í samband við búsæld og öflun fæðu og kennir til hans hinar bestu matjurtir og kallar kálkrist.

3. Þriðja afstaðan kemur fram hjá munkunum á Írlandi. Fyrir þeim er Kristur hinn einni sanni lausnari, sigur hans á krossinum hinn eini sanni sigur og eina leiðin til Krists er í gegnum þjáningu og kvöl og dýrust ástgjöf Krists er máláttan, líkþráin, slík þjáning opnar þeim hlið himnaríkis.

Þó að Gerpla eigi að gerast í byrjun 11. aldar eru þær lífsskoðanir, sem í hennir birtast, engan veginn bundnar þeim tíma. Halldór Laxness hefur látið þá skoðun í ljós í Minnisgreinum um fornsögur að Íslendingasögurnar, hinar stærri þeirra og merkari að minnsta kosti, spegli fyrst og fremst samtíð höfundanna, 13. öldina, túlki hugsjónir hennar og lífsskoðun. Svipað má segja um Gerplu, í henni er fortíðin í kallfæri við nútíðina. Í Gerplu er fjallað um ýmis ævarandi lífsgildi, einkum frægðina og valdið. Er lífið ekki takmark í sjálfu sér heldur aðeins tæki til að verða frægur? Af hverju verða menn frægir? Er til sú leið til að verða frægur að afla sér hraustra óvina og sigra þá með hjartaprýði og grimmd eins og Þorgeir trúði? Verða menn frægir af að fórna öllum lífsgildum öðrum en að hefna slíks garps sem Þorgeirs og yrkja lof um hann og konung hans eins og Þormóður gerði? Er hið eina eftirsóknarverða vald að ráða yfir landi og lýð með hvaða aðferðum sem því er náð eins og Ólafur digri leitaðist við? Svar við slíkum spurningum má finna í Gerplu.

Þegar Gerpla var skrifuð var nýlega afstaðin grimmilegasta styrjöld sem geisað hefur í Evrópu. Hún snerist að verulegu leyti um valdið, yfirráðin, hvað sem segja má um frægðina.

Af ritgerðum um Gerplu má benda á þessar: *Hannes Pétursson*: Þorgeir Hávarsson í Fóstbræðra sögu og Gerplu. Tímarit Máls og menningar, 1. hefti 1957. *Jakob Benediktsson*: Um Gerplu. Tímarit Máls og menningar, 3. hefti 1952.

Reykjavík, 1983

Helgi J. Halldórsson